

Reykjavíkurborg  
Ann María Andreassen  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
08. nóv. 2010 10.4.3	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. nóvember 2010  
Tilvísun: UST20100800050/jbw

## Deiliskipulag útivistarsvæðis í Heiðmörk

### Deiliskipulagssvæðið

Deiliskipulagið nær yfir þann hluta útivistarsvæðisins í Heiðmörk sem er innan marka Reykjavíkur og sem liggur á milli Vesturlandsvegur og Heiðmerkur. Stærð þess er u.þ.b. 23,5 km<sup>2</sup> og afmarkast af Suðurlandsvegi til norðurs, Bugðu, Elliðavatni og sveitarfélagamörkum Kópavogs til vesturs, gömlu Heiðmerkur girðingunni til austurs og sveitarfélagamörkum Garðabæjar til suðurs.

### Markmið með deiliskipulaginu

Markmið með gerð deiliskipulags er margþætt og eiga að tryggja samræmingu landnotkunar innan þess til að forðast hagsmunaárekstra milli núverandi og framtíðar landnotkunar. Helstu markmið eru að afmarka og skilgreina svæði eftir nýtingu þeirra og/eða verndun (vatnsverndar-, útivistar- og skógræktarsvæði), að skapa fjölbreytt og aðgengilegt útivistarsvæði fyrir alla aldurshópa, að ákvarða og skilgreina legu helstu vegtenginga og göngu-, hjóla og reiðleiða, að styrkja tengingu byggðar við útivistarsvæði, að styrkja samspil og tengingu Heiðmerkur við aðliggjandi útivistarsvæði, að tengja nærumhverfi Elliðavatns-bæjarins annarri starfsemi á svæðinu og að styrkja bæinn sem þjónustu- og fræðslumiðstöð fyrir Heiðmörk.

### Náttúrufar og náttúruminjar

Landslag Heiðmerkur innan marka Reykjavíkur er fjölbreytt en helstu einkenni svæðisins eru hraunin (Hólmshraun og Strípshraun), Elliðavatn og skógræktin. Heiðmörk er víðáttumikið láglent svæði með stöku ásum og hlíðum og liggur að mestu yfir 100 m h.y.s.

Innan deiliskipulagssvæðisins er eitt svæði á náttúruminjaskrá, nr. 125, Myllulækjartjörn, og eitt friðlýst svæði, Rauðhólarnir sem voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1961 og árið 1974 sem fólkvangur.

## Mannvirkjagerð

Samkvæmt stefnu deiliskipulagsins verður uppbygging fólgin í gerð slóða, vega, bílastæða, áningarstaða og styrkingu Elliðavatnsbæjarins sem þjónustu- og fræðslumiðstöð. Á grundvelli umhverfismats áætlunarinnar og landgreiningar voru settar fram hugmyndir sem mismunandi kosti og í framhaldi af því valin sú sem samræmist best markmiðum skipulagsvinnunnar.

Í umhverfisskýrslu er fjallað um fjóra valkosti fyrir samgöngur og varð valkostur A fyrir valinu. Sá valkostur gerir ráð fyrir að halda í núverandi kerfi og að gerðar verði fyrirbyggjandi ráðstafanir og aðgerðir til að minnka umferðarhraða og til að mengun berist ekki í grunnvatn. Gert er ráð fyrir að akvegir um Heiðmörk séu lagðir bundnu slitlagi sem valið verður m.t.t. vatnsverndunarsjónamiða. Legu vegar við Helluvatn verður breytt með öruggari akstursleið og nýrri brú yfir vatnið og mun núverandi vegur nýtast sem reið- og gönguleið. Strípsvegi og Hraunslóð verður lokað fyrir umferð vélknúinna ökutækja á þeim hluta sem liggur yfir bert hraun. Strípsvegur verður þó opinn fyrir umferð að vatnsbóli í Vatnsendakrika.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 3 m breiðum stofnstígum lögðum bundnu slitlagi sem valið verður m.t.t. vatnsverndunarsjónamiða. Tengistígar liggja út frá stofnstígnum, 1,2-2 m breiðir eftir aðstæðum, og tengja saman áningarstaði, skógarrjóður og áhugaverðar náttúru- og söguminjar. Yfirborðsefni tengistíga er ýmist malarlag eða trjáskurl. Ennfremur er gert ráð fyrir nýjum reiðvegum meðfram núverandi vegum um Vatnsveituveg, auk þess sem reiðvegir eru áætlaðir allt frá núverandi reiðstíg við Guðmundarhlíð, að Hraunslóða og sem leið liggur að Suðurlandsvegi. Þar sem reiðvegir og gönguleiðir liggja saman er gert ráð fyrir aðgreiningu leiða þar sem því verður við komið með grasbelti, runnum eða trjám. Gert er ráð fyrir gönguskiðaleið á stígakerfi, alls um 7,5 km langa.

Bílastæði verða á nokkrum stöðum, stærri bílastæði við helstu áningarsvæði og minni bílastæði dreifð um svæðið við upphaf mismunandi gönguleiða.

Gert er ráð fyrir nýjum áningarstöðum á 10 stöðum innan Heiðmerkur.

Hvað þjónustu- og fræðslumiðstöð varðar voru fjórir kostir fyrir staðsetningu skoðaðir. Niðurstaðan, þ.e. styrking Elliðavatnsbæjarins, tók mið af umhverfiáhrifum uppbyggingar á stöðunum.

## Gróðurfar og votlendi

Með greinargerð með deiliskipulaginu fylgir gróðurkort af svæðinu. Þar kemur fram að flatarmál friðlands í Heiðmörk eru 3.191 ha og eru 89% flokkuð sem gróið land. Útbreiddustu gróðurlendin eru ræktað skóglendi (21%), villtur birkiskógur og kjarr (20%), mosagróður (17%), lyngmói (13%), graslendi (8%) og alaskalúpína (7%). Votlendi er fágætt þar sem það þekur eingöngu 2% af grónu landi. Af grónu landi eru 784 ha (25%) á hrauni og er lítt eða ógróið land nær allt vatn (8%) og melar (3%).

Í greinargerðinni kemur fram að innan Heiðmerkur sé gert ráð fyrir áframhaldandi skógrækt á næstu áratugum með ræktun allra trjáteguna sem þrífast þökkalega á svæðinu. Ræktun barrtrjáa verður haldið áfram sem er tekjugjafi Skógræktarfélagssins og stendur undir hluta af

rekstrarkostnaði Heiðmerkur. Takmörkun verður þó á skógrækt á svæðum sem njóta hverfisverndar, þ.e. á Strípshrauni, Hólmskrauni, í Einihlíð og meðfram ám og vötnum.

### **Áhrif á gróður og votlendi**

Í umhverfisskýrslu er svo metið að áhrif stefnu deiliskipulagsins muni verða óveruleg á votlendi og plöntur á válista eða friðlýstar. Þó kemur fram að á einhverjum stöðum þurfi að grisja skó við gerð nýrra stíga, slóða og áningarsvæða. Við vegagerð, samkvæmt kosti A, eru áhrif á gróður einnig metin óveruleg í ljósi framangreindra viðmiða. Eingöngu verður farið yfir lítið votlendi við vegagerð næst Helluvatni og gróðri raskað tímabundið í vegjaðri við gerð mengunarvarna.

Umhverfisstofnun bendir á að við mannvirkjagerð, vegalagningu, s.s. við Helluvatn, og gerð áningarstaða verða staðbundin neikvæð áhrif á gróður, að hluta náttúrulegan, sem erfitt er að endurskapa að fullu með uppgræðslu. Stofnunin tekur hins vegar undir það mat að í ljósi viðmiða (sjaldgæfi, válista eða friðlýsinga) verði áhrifin óveruleg. Votlendi undir 3 ha að stærð fellur ekki innan 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður er mikilvægt að allt jarðrask, s.s. meðfram vegum, verði lagfært og reynt að endurskapa að hluta fyrri gróður. Í því sambandi bendir stofnunin á þann möguleika að varðveita gróðurþekju og leggja aftur yfir röskuð svæði eða að nota eingöngu fræ staðbundinna grastegunda við uppgræðslu/sáningu. Stofnunin bendir einnig á mikilvægi þess að raskað verði sem minnst náttúrulegum birkiskógi og öðrum gróðri við grisjun í stíga- og slóðagerð og við gerð áningarstaða og vísar í 39 gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd sem fjallar um vernd skóga og annara gróðursamfélaga.

Umhverfisstofnun mælist til þess að áhersla verði í meira mæli lögð á að rækta íslenskar tegundir runna/trjáa innan Heiðmerkur að undanskildum svæðum þar sem barrtré eru ræktuð og seld til öflunar tekna fyrir Skógræktarfélagið. Stofnunin mælir með eftirfarandi íslenskum tegundum auk birkis: Reynivið (ilmreyni) og víðitegundum á borð við gulvíði, loðvíði og grasvíði. Í því sambandi bendir Umhverfisstofnun á ákvæði reglugerðar nr. 583/2000, sbr. 10. gr., í tengslum við eldhraun þar sem fram kemur m.a. að öll ræktun útlendra tegunda hér á landi sé óheimil á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að í skilmálum deiliskipulagsins verði mörkuð skýr stefna um bann við ræktun útlendra tegunda á eldhraunum.

Einnig hvetur stofnunin til þess að unnið verði að aðgerðum til að takmarka útbreiðslu ágengra tegunda á borð við alaskalúpínu, skógarkerfil og spánarkerfil í Heiðmörk.

### **Jarðmyndanir**

Berggrunnur Heiðmerkur er grágrýti sem varð til á hlýskeiðinu fyrir síðasta kuldaskið ísaldar. Nokkrar hrauntungur frá nútíma (yngri en 10 þús. ára), svokölluð eldhraun, ná inn á deiliskipulagssvæðið og eru stærstar þeirra Strípshraun og Hólmskraun. Innan deiliskipulagssvæðisins eru Rauðhólar, leifar gervigígaraða.

### **Áhrif á jarðmyndanir**

Í deiliskipulagsvinnunni var kostur A fyrir samgöngur valinn þar sem núverandi samgöngukerfi er fylgt og var hverfisvernd nær allra eldhraunstunga á svæðinu m.a. höfð að

leiðarljósi. Í umhverfisskýrslu er svo metið að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa óveruleg áhrif á eldhraun því að þær fara ekki yfir slíkar jarðmyndanir. Einnig kemur fram að á vegum á beru hrauni, Strípsvegi og Hraunslóð, verði ekki leyfð umferð vélknúinn ökutækja og að fyrirhugaðir áningarstaðir og Elliðavatnsbærinn séu ekki á eldhrauni.

Umhverfisstofnun fagnar því að hluti Strípsvegar og Hraunslóðar sem liggur á beru hrauni verði lokaður umferð vélknúinna ökutækja. Sú stefna mun minnka líkur á frekari röskun eldhrauns. Hins vegar metur stofnun svo að ekki sé rétt að engar framkvæmdir séu fyrirhugaðar á eldhrauni. Samkvæmt skýringamynd sem sýnir tillögu að stígakerfi eru stígar fyrirhugaðir á eldhrauni, bæði Hólmshrauni og Strípshrauni. Stofnunin leggur áherslu á að við gerð stíganna verði þess vandlega gætt að raska ekki hraunmyndunum á yfirborði með vísan í 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd um að forðast skuli röskun eldhrauna eins og kostur er. Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að verktökum verði kynnt hvar jaðrar eldhrauna liggja á framkvæmdasvæðum sem næst liggja eldhrauni. Þetta þarf sérstaklega að hafa í huga ef notaðar verða stórvirkar vinnuvélar. Ef framangreindum ábendingum verður framfylgt tekur Umhverfisstofnun undir það mat að stefna deiliskipulagsins muni hafa óveruleg áhrif á eldhraun.

### **Ferskvatn og vatnsverndarsvæði**

Deiliskipulagssvæðið, að undanskildu litlu svæði norðan Silungapolls að Suðurlandsvegi, er skilgreint sem vatnsverndarsvæði. Í greinargerðinni kemur fram að vatnból séu skilgreind við Gvendarbrunna, Myllulækjartjörn og Vatnsendakrika og að um þau svæði gildi strangar reglur. Þau eru afgirt og ekki leyfðar aðrar framkvæmdir innan þeirra en þær sem nauðsynlegar þykja. Stærð brunnsvæðis umhverfis Gvendarbrunna er skilgreint um 136 ha, 91 ha umhverfis Myllulækjartjörn og 432 ha umhverfis Vatnsendakrika. Að öðru leyti er Heimörk skilgreint sem grannsvæði vatnsverndar og að litlu leyti sem fjarsvæði. Ekki eru fyrirhugaðar breytingar á vatnsverndarmörkum.

### **Áhrif á ferskvatn og vatnsverndarsvæði**

Í umhverfisskýrslu er metið svo að með valkosti A fyrir samgöngur verði áhrif á vatnsverndarsvæði óveruleg vegna fyrirbyggandi aðgerða til að minnka líkur á mengun grunnvatns. Þær felast m.a. í gerð oliugildra (jarðvegsdúkur og möl) meðfram vegi milli brunnsvæða og meðfram Hraunslóða og í aflögn umferðar vélknúinna ökutækja á vegum á gljúpu hrauni.

Hvað þjónustu- og fræðslumiðstöð við Elliðavatn varðar er svo metið í umhverfisskýrslu að uppbygging hennar muni hafa óveruleg áhrif á vatnsverndarsvæði svo fremi sem gripið sé til viðeigandi ráðstafana. Þær snúa að mengunarhættu frá salernum og frá yfirborðsefni bílastæða við áningarsvæði sem eru í rennslisstefnu grunnvatns.

Umhverfisstofnun tekur undir það mat að stefna deiliskipulagsins muni hafa óveruleg áhrif á grunnvatn og vatnsverndarsvæði ef rétt er staðið að málum. Í því sambandi er mikilvægt að farið verði eftir kröfum í 13.1 gr. reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

## Sorp


Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að ekki er fjallað um sorpmál á deiliskipulagssvæðinu. Stofnun gerir kröfu um að meðferð og frágangur sorpílata/sorpgáma verði með þeim hætti að ekki skapist hætta á mengun og að sorp verði fjarlæggt reglulega af öllu útivistarsvæðinu. Við förgun sorps skal farið eftir kröfum í reglugerðum um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 og urðun úrgangs nr. 738/2003.

### Niðurstaða Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun tekur undir það mat í umhverfisskýrslu að stefna deiliskipulagssvæðisins muni hafa óveruleg áhrif á verndargildi náttúruminjasvæða.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir stofnunin ekki frekari athugasemdir við deiliskipulag útivistarsvæðis í Heiðmörk.

Viðfangsfullt

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

  
Johanna Björk Weisshappel  
Sérfræðingur

Afrit sent: Skipulagsstofnun